

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Björn Mekkinósson, greiði stefnendunum, Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmsyni, kr. 22.860.00, auk 6% ársvaxta frá 14. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 178/1957. **Högni Jónsson** (sjálfur)

gegn

Hólmfriði Kristjánsdóttur. (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1957. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera héraðsdóminn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, er ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Hólmfriður Kristjánsdóttir, greiði áfrýjanda,

Högn Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. september 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m., hefur Högni Jónsson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 26. febrúar s.l. gegn Hólmsfríði Kristjánsdóttur, Kjartansgötu 8, hér í bænum, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 34.500.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 34.500.00, útgefnum af Brandi Brynjólfssyni, Baldursgötu 12, hinn 16. október 1956 og samþykktum af stefndu til greiðslu hinn 16. nóvember 1956.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi máls þessa sé ekki eigandi umræddrar kröfu, heldur sé útgefandi víxilsins, Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, hér í bæ, eigandi hennar. Kveður umboðsmaður stefnda stefnanda hafa tjáð sér þetta. Þá reisir stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að efni víxilsins sé ekki rétt. Kveður hún hvorki stefnanda né neinn annan vera heimildarmann að víxli þessum og sé hér eigi um að ræða neina kröfu á hendur henni, þrátt fyrir efni víxilsins. Í greinargerð stefnda er því lýst yfir, að hún hafi þegar kært meðferð víxilsins til sakadómarans í Reykjavík og krafizt rannsóknar á tilorðningu hans og öðru, er meðferð víxilsins varðar.

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 27. maí s.l., var stefndu synjað um frekari frest til að leggja fram endurrit af framangreindri sakadómsrannsókn. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 22. júní s.l., var þessi úrskurður bæjarþingsins staðfestur.

Við munnlegan flutning málsins lagði umboðsmaður stefnda fram endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi rannsókn út af fyrrgreindri kæru stefnda. Lýsti hann því jafnframt yfir, að rannsókn málsins hefði verið haldið áfram og væri enn eigi lokið, en ekki hefði tekizt að afla endurrits af þeirri framhaldsrannsókn.

Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður stefnda þá varakröfu, að málinu yrði frestað ex officio um óákveðinn tíma.

Fyrir sakadómi heldur stefndi því fram, að í júní- eða júlímán-

uði 1956 hafi hún ritað samþykki sitt á óútfyllt víxileyðublað og afhent það manni þeim, er tjáði sig vera útgefanda þess, Brandi Brynjólfssyni lögfræðingi. Hafi það átt að vera til framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 30.000.00, sem hún hafi talið vera í höndum lögfræðingsins. Síðar hafi komið í ljós, að lögfræðingurinn hafi verið búinn að láta þann víxil af hendi, ásamt tryggingarbréfi, sem honum hafi fylgt. Þá hafi víxileyðublaðið, sem hún hafði ritað samþykki sitt á, en það er víxill sá, sem mál þetta fjallar um, verið fyllt út á annan veg en um hafi verið samið, m. a. hafi fjárhæð sú, sem tilgreind er á víxileyðublaðinu, kr. 34.500.00, aldrei komið til tals milli hennar og lögfræðingsins.

Stefnandi hefur neitað því, að annar sé eigandi hins umstefnda víxils en hann sjálfur.

Pegar virt er það, sem fram er komið við umrædda sakadómsrannsókn, verður ekki talið, að fyrir hendi séu skilyrði 2. mgr. 117. gr. einkamálalaganna til þess að dómariinn fresti málinu af sjálfsdáðum.

Stefnandi hefur formlega löglega heimild að hinum umstefnda víxli og gegn mótmælum hans er það ósannað, að hann sé ekki réttur eigandi víxilsins og þar sem stefndi hefur ekki gegn andmælum stefnanda fært sönnur á varnarástæður þær, sem hún reisir sýknukröfur sínar á, þá verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 34.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Dómsorð:

Stefndi, Hólmfríður Kristjánsdóttir, greiði stefnanda, Högna Jónssyni, kr. 34.500.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.